



Eineltisáætlun leikskólans Uglukletts

Endurskoðuð nóv 2023



BORGARBYGGÐ

Í leikskólanum Uglukletti er einelti ekki liðið, hvorki meðal starfsfólks né barna.

- Starfsfólk skal alltaf sýna samstarfsfólki sínu og börnunum kurteisi og virðingu í samskiptum.
- Starfsfólk Uglukletts á að vera góðar og jákvæðar fyrirmyndir m.a. með því að vanda orð sín og athafnir auk þess að bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra.
- Áhersla er lögð á góð samskipti og ólíkum einstaklingum sýnt umburðarlyndi og fordómar ekki liðnir.
- Einkunnarorð leikskólans eru „leikur, virðing, gleði“ þau eru höfð að leiðarljósi í öllu starfi leikskólans.
- Allt starfsfólk leikskólans þarf að kynna sér reglugerð nr. 1000/2004 um Aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum og vera meðvitað um einelti í sinni víðustu mynd, þekkja einkenni og geta brugðist við.
- Eineltisáætlun Uglukletts skal vera öllu starfsfólki aðgengileg og kynnt nýju starfsfólki við upphaf starfs og foreldrum við upphaf leikskólagöngu barnanna.

Hvað er einelti?

Til eru ýmsar skilgreiningar á einelti sem allar eiga það sameiginlegt að vísa til neikvæðrar hegðunar sem beinist að ákveðnum aðila eða aðilum. Einelti getur verið andlegt og/eða líkamlegt, einelti getur tekið á sig mörg birtingarform og er missýnilegt.

Í 3. gr. reglugerðar um Aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum, nr. 1000/2004 er einelti skilgreint þannig: „Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir“.

Einelti á vinnustað er alvarlegt vandamál sem stjórnendum ber skylda til að taka á. Reglugerð um Aðgerðir á vinnustöðum ásamt greinargerð fylgir þessari áætlun og má einnig nálgast á vef Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is. Einelti getur haft margvísleg neikvæð áhrif á líðan starfsfólks, starfsánægju, metnað, fjarvistir og félagslegt starfsumhverfi. Á vinnustöðum geta komið upp ágreiningsmál og hagsmunaárekstrar sem valdið geta óþægindum. Mikilvægt er að leysa slík mál án tafar áður en þau þróast til verri vegar.

Viðbrögð við einelti í starfsmannahópnum

- Ef starfsmaður í Uglukletti verður fyrir einelti eða vitni að einelti skal hann snúa sér til leikskólastjóra eða trúnaðarmanns og tilkynna formlega um atvikið.
- Lögð er áhersla á að leysa málið sem fyrst og stöðva þannig frekara einelti, ásamt því að veita þolandanum viðeigandi stuðning.
- Huga þarf að tengslum aðila þegar uppkoma eineltismál og ef um hagsmunaárekstur er að ræða þarf að taka tillit til þess og færa málið öðrum aðilum ef þurfa þykir.
- Sá aðili sem tekur við tilkynningu um einelti ákvarðar síðan í samvinnu við þolandann hvert framhaldið verður.
- Hægt er að velja á milli óformlegrar eða formlegrar málsmeðferðar.
- Óformleg málsmeðferð, slík málsmeðferð felur í sér að leitað er upplýsinga hjá þolanda og honum veittur stuðningur með trúnaðarsamtali eða ráðgjöf. Aðrir innan vinnustaðarins eru ekki upplýstir um málið.
- Formleg málsmeðferð, gerð er hlutlaus athugun á málsatvikum. Rætt er við þolanda, geranda og aðra sem veitt geta upplýsingar um málið. Mikilvægt er að leita upplýsinga um tímasetningar og fá fram gögn ef einhver eru, s.s. tölvupósta, sms-skilaboð eða annað.
- Fundin verður lausn sem m.a. getur falist í breytingum á vinnustaðnum, vinnubrögðum eða vinnuskipulagi. Gerandi mun fá leiðsögn og aðvörun, hann gæti líka verið færður til í starfi.
- Málinu verður fylgt eftir og rætt við aðila þess að ákveðnum tíma liðnum. Fylgst verður með samskiptum aðila málsins.
- Láti gerandi ekki segjast og viðheldur eineltinu leiðir það til uppsagnar hans úr starfi.
- Ef um endurtekna og viðvarandi háttsemi er að ræða getur starfsmaður leitað til Vinnueftirlitsins um að það komi að málinu með formlegum hætti.

Viðbrögð við einelti í leikskólastarfinu

- Einelti getur átt sér stað á milli barna og/eða á milli starfsmanna og barna.
- Ef vart verður við einelti í daglegu starfi skal tilkynna það tafarlaust til leikskólastjóra. Veita þarf allar upplýsingar um málið og taka á því strax.
- Starfsmenn eru allir ábyrgir fyrir greiningu og lausn eineltismála.
- Mikilvægt er að skrá niður framvindu málsins og halda fundargerðir.
- Nauðsynlegt er að vinna reglulega verkefni með börnunum sem eru

fyrirbyggjandi s.s. kanna líðan barnanna, gera athuganir á samskiptum í barnahópnum og á samskiptum milli barna og starfsmanna, búa sameiginlega til samskiptareglur, vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar, styrkja sjálfsmynd og æfa samskipti alla daga.

- Lögð er áhersla á gott samstarf við foreldra ef upp kemur grunur um einelti. Reglulega er fundað með foreldrum þar sem farið er yfir stöðuna, hvað verið sé verið að gera og hvernig gengur, jafnframt um hvernig foreldrar geta unnið með börnin heima.
- Ef þörf er á utanaðkomandi aðstoð er leitað til sérfræðipjónustu Borgarbyggðar.
- Leikskólastjóri ber ábyrgð á að tekið sé á málinu sem allra fyrst.

Verum vakandi og fordómalaus – Einelti er ekki liðið í Uglukletti